

Akam, ég og Annika.

2. kafli

Þegar ég kom fram í eldhús voru mamma og amma að rífast út af einhverjum fiskibollum. Amma vildi að við tækjum sex kíló af heimagerðum bollum með okkur út.

— Mamma, þetta gengur ekki. Það er ekkert pláss fyrir boxið, sagði mamma.

— Heldurðu að þú komir þeim ekki fyrir í töskunni?

— Nei, hún er full.

— Má ekki raða betur í hana?

— Nei, mamma! Gefðu bara Helgu systur þessar bollur.

— Má ég ekki aðeins kíkja í töskuna og sjá hvort ég finni ekki pláss?

— Nei, svaraði mamma verulega pirruð.

Amma tók kæliboxið og raðaði pokunum aftur í frystinn. Þegar hún tók um síðasta pokann sagði ég:

— Ég skal taka þær, þær eru svo æðislega góðar, ég finn einhverja leið til að koma þeim út.

Mamma leit á mig reið á svip. Amma raðaði bollunum aftur í boxið. Mamma leit pirruð á úrið og andvarpaði. 3

— Hrafnhildur, það verður algjört vesen að koma þeim í gegnum tollinn. Bollurnar verða örugglega teknar af þér. Boxið er fullt af ísmolum þannig að þú kemur þessu aldrei alla leið.

— Ég redda því, sagði ég ákveðin.

Ég kyssti ömmu á kinnina og leit fýlulega á mömmu.

Amma var alltaf að bjarga málum fyrir mömmu og okkur krakkana en samt var mamma oft ógeðslega pirruð og ósanngjörn 4 við hana. Þegar við vorum að ganga frá og þrifa húsið okkar í Fossvoginum hringdi amma oft í mömmu. Nei, það er algjör óþarfi, vertu ekkert að því. Nei, ég var búin að segja þér það, mamma, sagði mamma til dæmis við ömmu.

3 Þegar fólk andvarpar andar það þungt og greinilega frá sér, yfirleitt af áhyggjum.

4 Að vera ósanngjörn er það sama og að vera óréttlát.

Og þegar amma spurði hvort hún þyrfti að eiga fyrir hana dömubindi öskraði mamma næstum því eftir að hún lagði á.

— Þessi andskotans afskiptasemi 5 er að gera mig geðbilaða!

Svo settist hún á gólfíð í næstum tómu húsinu og greip með báðum skúringahönskunum um höfuð sér og stundi:

— Guð hvað ég meika þessa manneskju ekki lengur!

Þótt ég skildi hana aðeins var ég alls ekki í stuði til að sýna henni það svo ég sagði um leið og ég gekk fram hjá henni:

— Þá veistu hvernig mér finnst að búa með þér.

Seinna um kvöldið sagði mamma Tryggva stjúppabba mínum, þetta með ömmu.

Tryggvi spurði þá hvort amma hefði ekki örugglega keypt nokkra smokka fyrir sig.

Mamma hló og hló. Ég vildi alls ekki hlæja með þeim en sagði:

— Halló, rosalega fyndið eða þannig!

— Þessi maður er ótrúlegur, sagði mamma flissandi 6 eins og krakki og bauðst til að hjálpa mér við að þússa spegil en ég ranghvolfdi 7 í mér augunum og sagði:

— Hann er svo miklu barnalegri en pabbi að þú skilur loksins einhverja brandara. Til hamingju!

Fyrir ferðina hafði amma líka dekrað rosalega mikið við okkur og hjálpað mömmu með allt sem hún mögulega gat. Í gærkvöldi hafði hún bakað besta franskbrauð í heimi og búið til heitt súkkulaði handa mér þótt klukkan væri tólf á miðnætti. Þá sagði amma mér að mamma væri að spá í að láta okkur öll hætta að borða brauð og sykur. Ég þoli ekki mömmu, sagði ég oft og mörgum sinnum og passaði mig á að segja það nógu hátt til að vera viss um að mamma heyrði í mér.

— Svona, svona, þú átt eftir að standa þig vel þarna úti og þakka henni seinna fyrir að sýna þér heiminn.

— Aldrei í lífinu, svaraði ég. — Og svo mun ég aldrei á ævinni hætta að borða brauð.

5 Að vera afskiptasöm/-samur er að vilja hafa of mikil áhrif á aðra, að stjórna of mikið í öðrum.

6 Þegar fólk flissar fer það næstum því að hlæja.

7 Þegar einhver ranghvolfir augunum hreyfir hann augun upp á við, til að sýna hneykslun.

Mamma kom inn til mín þegar ég var lögst upp í rúm en þegar hún reyndi að taka utan um mig, færði ég mig frá henni. Ég vildi ekki að hún hughreysti 8 mig. Hún var að flytja mig úr landi og ég ætlaði ekki að hætta að láta hana finna fyrir því að hún væri óvinur minn númer eitt. Samt lagðist hún hjá mér og talaði um allt það góða sem biði okkar í nýju landi. Ég mótmælti og hélt svo bara fyrir eyrun á meðan hún talaði. Að lokum gafst hún upp, strauk á mér öxlina og sagði að þetta yrði allt í lagi. Ég ætti sko aldeilis eftir að standa mig, kynnast nýjum vinum, veðrið væri svo gott og ...

— ... og bla, bla, bla, sagði ég — og farðu út núna, takk!

Stemningin var ekki góð á leiðinni út á flugvöll. Ég sat í aftursætinu með kæliboxið á lærunum og tvíburarnir steinsváfu slefandi 9 utan í mér. Það var vonlaust að teygja sig í símann sem var í bakpokanum á gólfinu án þess að vekja stelpurnar. Það vildi ég alls ekki. Ef Hugrún vaknaði þá myndi hún vekja Auði og þá færu þær að spyrja um allt eða rífast yfir öllu. Þær voru ótrúlega líkar og yfirleitt góðar vinkonur en gátu oft rifist út af hártægjum og öðru ómerkilegu sem gat verið óþolandi.

Það var ekki séns að ég gæti sofnað í bílnum svo ég fór að hugsa um allt mögulegt á meðan ég horfði út í svart hraunið. Pabbi lærði líffræði í háskólanum og þótt ég hafi ekki alltaf verið spennt fyrir því sem hann hefur viljað kenna mér var ég farin að nefna í hljóði heiti á jurtum í hrauninu. Mér leið næstum því eins og þegar mamma og pabbi voru enn saman og ég gat ekki annað en minnst 10 þess tíma.

8 Að hughreysta er það sama og að hugga einhvern, reyna að smita hann/hana af jákvæðni.

9 Maður slefar þegar munnvatn lekur úr munninum.

10 Að minnast einhvers er að hugsa aftur um eitthvað sem hefur gerst áður.